

STJÓRNARTÍÐINDI B 2 – 1993

8. janúar 1993

3

Nr. 2

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Íslenskar Getraunir nr. 518/1991,
með síðari breytingum.

1. gr.

Liður 20.1 20. gr. orðist svo:

A.m.k. 40% af árssölu hérlandis skal varið til vinninga.

2. gr.

Liður 20.5 20. gr. orðist svo:

Ef væntanlegur vinningur fyrir röð í lægsta vinningsflokki nær ekki 20 sænskum krónum, fellur vinningsflokkurinn niður og er þá vinningsupphæðinni skipt jafnt á hina vinningsflokka í sömu getraunaumferð. Þessi skipting heldur áfram þar til allir vinningar ná a.m.k. 20 sænskum krónum fyrir röð. Ef þetta er ekki mögulegt skiptist öll vinningsupphæðin milli vinningshafa í fyrsta vinningsflokki.

3. gr.

Liður 20.9 20. gr. orðist svo:

Skipta skal vinningsupphæðum skv. 20.3, 20.4, 20.5 og 20.7 áður en vinningsupphæð er flutt milli getraunaumferða skv. 20.8.

4. gr.

Liður 20.11 20. gr. fellur brott.

5. gr.

Liður 20.13 20. gr. fellur brott.

6. gr.

Liður 20.15 20. gr. orðist svo:

Áður en vinningur er greiddur út er vinningsupphæðin fyrir hverja vinningsröð lækkuð í næstu jöfnu krónu í Svíþjóð. Á Íslandi er vinningsupphæðin fyrir hverja vinningsröð lækkuð um 1% og síðan lækkuð í næsta jafn tug. Mismunur sem þannig myndast leggst í svokallaðan aurapott í Svíþjóð og sprengjupott á Íslandi. Pennan pott geta félögin ákveðið að nota til að hækka vinningsupphæðir við sérstök tilefni eftir samkomulagi félaganna.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. janúar 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.